



Vestfjarðastofa

# VESTFJARÐASTOFA

## FRÉTTABRÉF NÓVEMBERMÁNAÐAR 2024



VESTFJARÐASTOFA  
SUÐURGATA 12  
400 ÍSAFJÖRÐUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

# INNVIÐIR, INNSPÝTING, INNSETNING OG INNIHALD

Nóvember hefur verið tíðindaríkur og er kannski nærtækast að minnast þar á Alþingiskosningar sem fóru fram um mánaðamótin. Í tengslum við þær hafa margir frambjóðendur rekið inn nefið á Vestfjarðastofu í mánuðinum. Það er gott að ná spjalli við frambjóðendur á þessum tímavarki og ekki nema eðlilegt að þeir þurfi mismikið að setja sig inn í aðstæður á Vestfjörðum þar sem margir koma nýir inn og kjördæmið víðfemt. Þá er mikilvægt hlutverk Vestfjarðastofu að miðla til þeirra stöðu, tækifærum og áskorunum Vestfjarða og það höfum við reynt að gera eftir bestu getu.

## Vestfirska efnahagsævintýrið

Innviðafélag Vestfjarða hefur látið til sín taka í mánuðinum. Hefur félagið staðið fyrir tveimur áhugaverðum fundum: oddvitafundi á Ísafirði og fundi um vestfirsku efnahagsævintýrið á Patreksfirði. Á síðarnefnda fundinum komu fram áhugaverð talmöggn um skattspor Vestfirðinga sem KPMG hefur tekið saman og kom þar í ljós að fyrir hverjar 2,06 m.kr. á íbúa frá Vestfjörðum til ríkis á síðasta ári fengu Vestfirðir til baka 1,14 m.kr. Jafnframt að útflutningstekjur Vestfjarða voru 3,1% af heildarútflutningstekjum á meðan íbúafjöldi Vestfjarða er einungis 1,9% af heildaríbúafjölda, svo það er nokkuð ljóst að framlag Vestfirðinga til þjóðarþúsins er umtalsvert.

Hjörtur Methúsalemsson hjá Arnarlaxi var einnig með áhugavert erindi. Þar kom hann meðal annars inn á þann samgöngusáttmála sem Færeyingar gerðu með sér og sneri að því að hvergi væri lengra til Þórshafnar en tveir tímar. Ákall Vestfirðinga nú er um samgöngusáttmála. Hann felur í sér staðfestingu á sameiginlegri sýn þjóðarinnar sem tryggir mannsæmandi og samkeppnishæfar samgöngur. Þetta virkar bæði inn á við og út á við og fyrir okkur hér á svæðinu væri algjör negla ef einungis væri um klukkustundarakstur á milli byggðanna á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum. Með því móti gæti svæðið raunverulega orðið eitt atvinnusvæði.



*Sigríður Ó. Kristjánsdóttir  
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu*

## Vinnufundur starfsmanna og stjórnar

Undir lok mánaðar fór fram árlegur vinnufundur starfsmanna og stjórnar Vestfjarðastofu. Það er mikill auður fólgin í góðu starfsfólki og virkri stjórn og mikilvægt að þessir aðilar geti átt í samtali um farinn veg og það sem framundan er. Hér gildir hin góða setning sem Mugison færði okkur forðum: Maður gerir ekki rassgat einn! Það er gott að finna þá samstöðu sem ríkir meðal starfsmanna og stjórnar og áhuga allra á góðum verkum Vestfjörðum til handa.

## Ný og spennandi verkefni

Það er margt spennandi í farvatninu hjá Vestfjarðastofu og má nefna nýjan farsældarfulltrúa sem brátt verður ráðinn til starfa og þátttaka Reykhólahrepps í verkefninu Brothættar byggðir. Það er Byggðastofnun sem hefur yfirumsjón með Brothættum byggðum en verkefnisstjóri verður starfsmaður Vestfjarðastofu og má finna starfsauglýsingu hér í fréttabréfinu. Þó alls staðar sé í ótal horn að líta er nú upprunninn desembermánuður og óska ég ykkur helst að hann geti verið bæði ljúfur og innihaldsríkur.



# GUL MARSIPAN- VIÐVÖRUN

Þakka ber það sem vel er gert. Í aðdraganda kosninga sá fjárlaganefnd að ekki yrði lengur hægt að fresta tveimur lykilframkvæmdum í vegakerfinu á Vestfjörðum. Þriðji áfangi vegar yfir Dynjandisheiði og bygging tveggja brúa í Gufudalssveit hefur fengið fjárveitingu. Nú vonum við að veglagningu yfir Dynjandisheiði ljúki á næsta ári og að nýjar brýr í Gufudalssveit verði tilbúnar í árslok 2026.

Síðustu misseri hafa orðið þáttaskil í samgöngum milli norðanverðs Djúps og annarra landshluta. Þungi ferða hefur flust úr Djúpinu á svokallaða vesturleið. Stærstu þrír þættirnir í því eru Dýrafjarðargöng, vegbætur á Dynjandisheiði og þverun Þorskafjarðar auk tengdra framkvæmda. Þær tvær framkvæmdir sem settur var peningur í eru lokahnykkurinn í tveimur síðarnefndu verkefnum.

## Namm, marsipan!

Þegar þessu lýkur þarf að klippa á borða og baka stórar marsipantertur með jarðarberjafrómas og súkkulaðiskreytingu ofaná. Og ekki misskilja mig: það verða bæði margar marsipantertur og að minnsta kosti þrjár athafnir. Fyrst á áningarstaðnum fyrir ofan Geirþjófsfjörð (til vara niðri við Dynjanda, af því að þar er aðgengi að klósettum) til að fagna áfangasigrinum á Dynsuni.

Svo verður aftur veisla, í þetta skiptið á Grónesi, nesinu milli Gufufjarðar og Djúpafjarðar. Grónes verður í alfaraleið þegar firðirnir sitthvoru megin verða þveraðir og væntanlega jafntamt í munnni Vestfirðinga og fjarðanöfnin í Djúpinu og nöfn handboltahetjanna í silfurliðinu 2008.



Gylfi Ólafsson  
Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og  
Vestfjarðastofu

Seinnipart 2026, getum við svo haldið fjar-marsipantertuveislu á öllum þjóðvegum Vestfjarða, því samkvæmt samningum á þá að ljúka uppsetningu 23 sendimastra fyrir farsímanet víða á kjálkanum. Ekki verður lengur slitrótt samband á vegum, sem bæði auðveldar manni að nýta tímann til að hringja símtöl, en eykur einnig öryggi veganna.

Önnur góð frétt í fjárlögum er hin svokallaða halaklipping vetrarþjónustu, en þar var uppsafnaður halli Vegagerðarinnar vegna snjómoksturs gerður upp. Vonandi losnar við það spenna sem verið hefur á fjárheimildum þeirra og við getum séð fram á lengri opnunartíma vega.

Og hvað svo? Trostansleggur Dynjandisheiðarinnar er sennilega efstur á blaði af einstökum framkvæmdum, sem og samgöngubætur í tengslum við virkjanaframkvæmdir í Árneshreppi. Samhliða halda jarðgangarannsóknir áfram og viðgerðir á köflum sem hafa látið mikið á sjá.

Innviðafélag Vestfjarða hefur náð að setja þessi mál öll á dagskrá með það að markmiði að fá samgöngusáttmála fyrir Vestfirði inn í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Það væri stóráfangi.



## VINNUFUNDUR STARFSMANNA OG STJÓRNAR VESTFJARÐASTOFU

Undir lok mánaðar áttu starfsmenn og stjórn Vestfjarðastofu sinn árlega fund þar sem farið var yfir verkefni á árinu sem er að líða og horft til ársins 2025 um þau verkefni sem eiga að koma til framkvæmda. Það er ætíð í nægu að snúast hjá Vestfjarðastofu, heilmargt búið að eiga sér stað á árinu sem brátt er að líða. Meðal stórra verkefna er gerð nýrrar sóknaráætlunar og undirbúningur nýs svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Það var hugur í bæði starfsmönnum og stjórn, sem sannarlega hafa ekki farið varhluta af þeirri uppsveiflu og bjartsýni sem umlykur Vestfirði.

Á Vestfjarðastofu starfa nú 15 manns á þremur starfsstöðvum. Nokkurra breytinga er að vænta á starfsmannamálum Vestfjarðastofu þar sem Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Sigurður Líndal halda á önnur mið á nýju ári. Fyrir liggur einnig að ráðið skuli í tvær nýjar stöður. Annars vegar er það verkefnastjóri farsældar sem ráðið verður í innan skamms og hins vegar er það verkefnastjóri Brothættra byggða á Reykhólum sem auglýst hefur verið eftir.

### Heimsóknir til fyrirtækja

Seinni dag þessarar lotu var starfsdagur þar sem farið var í saumana á starfsáætlun fyrir árið 2025. Það er ekki útlit fyrir annað en starfsfólkið haldist vel upptekið við fjölbreytt verkefni. Vinna við svæðisskipulag heldur áfram og talsverð verkefni á sviði umhverfismála og ferðamála með tilkomu samnings um aukna vetrarferðaþjónustu, Evrópuverkefni RECET og MERSE halda áfram og einnig verður unnið að því að hefja samstarf um ný verkefni. Þá verður aukin áhersla á velferðarmál með tilkomu verkefnastjóra farsældar sem kemur til starfa á nýju ári.

Að vinnufundi loknum var farið í fyrirtækjaheimsóknir og voru að þessu sinni heimsótt: rækjuvinnslan Kampi, Sjóferðir og Ístækni. Virkilega vel var tekið á móti hópnum á öllum stöðum og afar áhugavert að fá frekari innsýn í þessi ólíku fyrirtæki í ísfirsku atvinnulífi. Fyrir þá sem ekki vita þá er starfar Kampi á gömlum grunni fyrstu rækjuverksmiðjunnar á Ísafirði og hefur séð tímana tvenna í greininni. Mest af rækjunni sem þar er soðin, hreinsuð, fryst og pökkuð fer til útflutnings og er stefnan sett á 10.000 tonna framleiðslu á ári.



Sjóferðir tók til starfa árið 2020 í núverandi mynd og eru eigendur Stígur Berg Sophusson og Henny Þrastardóttir. Þau keyptu tvo báta og bryggjuhús af Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar sem hafði verið með áætlunarferðir um Hornstrandir og Djúp frá árinu 1993 og hafa verið að byggja ofan á þann rekstur. Þau hafa bætt við flotann og ferðirnar og er margt spennandi í farvatninu hjá þeim.

Ístækni er nýtt ísfirskt fyrirtæki, en það tók til starfa þann 1. desember í fyrra. Þegar kom í ljós að 3X Skaginn myndi loka starfsstöð sinni á Ísafirði og segja upp 27 manns gripu heimamenn til sinna ráða og festu kaup á tækjum og búnaði fyrirtækisins og hófu rekstur undir formerkjum Ístækni. Einnig sameinuðust þeir vélsmiðjunni Þristi og er nú starfsmannafjöldi kominn í sömu tölu og var sagt upp á sínum tíma – sem er vonum framár.

Það er dýrmæt innsýn sem fæst við heimsóknir í fyrirtæki og er eitt af markmiðum Vestfjarðastofu fyrir komandi ár að vera enn duglegri við slíkt.





# GESTKVÆMT Á VESTFJARÐASTOFU

Það hefur verið ansi gestkvæmt á Vestfjarðastofu í nóvembermánuði. Að þessu sinni eru það frambjóðendur til Alþingiskosninga sem hafa verið duglegastir að reka inn nefið. Það hefur ekki verið alveg óforvarindis þar sem framkvæmdastjórinn, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, sendi erindi á öll framboð í Norðvesturkjördæmi og bauð þeim í heimsókn. Mörg hafa þegið heimboðið og hafa þau öll fengið nokkuð ítarlega kynningu á helstu áskorunum í fjórðungnum frá þeim Sigríði og Aðalsteini, auk þess sem fram hefur farið gott spjall um helstu málefni líðandi stundar.


Við fögnum ávallt góðum gestum hvert sem erindið kann að vera og hvetjum við fólk til að vera ófeimið við að koma í heimsókn. Innan veggja Vestfjarðastofu er heilmikil þekking á ólíkum sviðum sem getur til að mynda gagnast ferðapjónum, frumkvöðlum, fyrirtækjaeigendum, kjörnum fulltrúm og menningarvitum – svo fátt eitt sé nefnt. Verið velkomin.



# UNGMENNARÁÐ VESTFJARÐA KOM SAMAN

Ungmennaráð Vestfjarða hélt sinn þriðja fund þann 11. nóvember, en í ráðinu eiga sæti átta ungmenni á aldrinum 13-17 ára frá jafnmörgum sveitarfélögum. Ráðið var kjörið á ungmennahingi í apríl og starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir Fjórðungssambandið. Meðal þess sem fjallað var um á fundinum var að ungmennaráðið er komið með áheyrnaraðild að Landssambandi ungmennafélaga (LUF) og var m.a. fjallað um hvað áheyrnaraðildin felur í sér, þátttöku í #égkýs verkefninu og lýðræðisvikuna í framhaldsskólum.

Ungmennaráðinu var falið af menningarfulltrúa Vestfjarða að leggja til þema fyrir barnamenningarhátíðina Púkann sem fer fram 31. mars-11. apríl á næsta ári. Ræddar voru ýmsar hugmyndir og að lokum varð þemað Þjóðsögur á Vestfjörðum fyrir valinu. Einnig óskuðu frambjóðendur Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi eftir samtali við ráðið og ræddu þær Arna Lára Jónsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir við ungmennin um þau ýmis málefni sem á þeim brenna, svo sem samgöngur, orkumál, fiskeldi, hvalveiðar og kvótakerfið.



## STEINUNN AFTUR TIL STARFA



Steinunn Ása Sigurðardóttir kom aftur til starfa hjá Vestfjarðastofu þann 1. nóvember eftir fæðingarorlof og námshlé. Hún snýr aftur í verkefni ungmennaráðs og ákveðin verkefni hjá Markaðsstofu, sem Vilborg sinnti í fjarveru Steinunnar. Í teymi Markaðsstofunnar hefur Steinunn umsjón með áfangastaðaáætlun, en á næsta ári fer fram heildarendurskoðun á áætluninni. Auk þess hefur hún tekið við af Þórkötlunni sem verkefnastjóri MERSE verkefnisins um samfélagslega frumkvöðlastarfsemi. Steinunn hefur starfsaðstöðu á skrifstofu Vestfjarðastofu á Ísafirði.



# HAUSTFUNDUR ATVINNURÁÐGJafa Á EGILSSTÖÐUM

Haustfundur atvinnuráðgjafa landshlutasamtakanna var haldinn á Egilsstöðum dagana 7.-8. nóvember. Frá Vestfjarðastofu sóttu fundinn þær Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, Guðrún Anna Finnbogadóttir og Magnea Garðarsdóttir. Í ferðinni fékkst góð kynning á því sem er að gerast á Austurlandi þar sem margt er líkt með Vestfjörðum.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar tók vel á móti hópnum og kynnti stöðuna á Austurlandi. Arnar Sigurðsson hjá Austan Mána, sem við þekkjum vel úr Blábankanum á Þingeyri frá því er hann var þar, kynnti ýmiskonar hraðla og vinnustofur sem hann stýrir og hvatti til þess að nálgast stuðning við nýsköpun í dreifðum byggðum á nýjan hátt. Brynjólfur Borgar Jónsson fór yfir hvernig færa má gervigreind sér í nyt og Jákup Sörensen framkvæmdastjóri NORA kynnti starfsemina og hvatti aðila til að koma á samstarfi og sækja um styrki í NORA og að lokum var erindi frá Bygðastofnun.

Farið var í afar áhugaverðar vettvangsheimsóknir á Eskifjörð í Tandraberg og Tandrabretti. Í kvöldverði á Randulffssjóhúsinu fræddi Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri Fjarðarbyggðar hópinn um grænan orkugarð í Fjarðabyggð og Jens Garðar Helgason um laxeldisfyrirtækið Kaldvík sem einnig veitti vel til kvöldverðarins sem danski matreiðslumaðurinn Michael Miv Pedersen ásamt Sigrúnu Sól Agnarsdóttur reiddu fram.

Næsta dag héldu vettvangsheimsóknir áfram þar sem farið var í Vallanes, í hússtjórnarskólann á Hallormsstað og Skógarafurðir. Þjónustuhús við Hengifoss var skoðað og þaðan var farið í Végarð þar sem sveitastjóri Fljótsdalshéraðs kynnti nýjan byggðakjarna, Hamborg. Þá var hin glæsilega menningarmiðstöð Sláturhúsið á Egilsstöðum var heimsótt. Austurbrú var einstaklega góður gestgjafi og lærdómsrík heimsókn að baki hjá Vestfirðingunum







# INNVIÐIR Í BRENNIDEPLI Á KRAFTMIKLUM FUNDI Í ALPÝÐUHÚSINU

Oddvitafundur Innviðafélags Vestfjarða fór fram í Alpýðuhúsinu á Ísafirði þann 11. nóvember. Þar var til umræðu samgöngusáttmáli við Vestfirði – Vestfjarðalína. 10 fulltrúar framboða til Alþingiskosninga sátu fyrir svörum undir vökulum augum og eyrum fundargesta sem fylltu húsið, augljóslega áhugasamir um þetta mikilvæga réttlætismál fyrir Vestfirði.

Guðmundur Fertram Sigurjónsson, setti fundinn fyrir hönd Innviðafélagsins. Síðan tóku við stjórn fundarins þeir Gísli Freyr Valdórsson og Stefán Einar Stefánsson sem stýrðu umræðum af röggsemi. Heyra mátti á frambjóðendum að allir væru sammála um þá innviðaskuld sem safnast hefur upp á Vestfjörðum og vilja til bættra samgagna í fjórðungunum.

Fundurinn var sendur út beint bæði á Patreksfirði og Bildudal þar sem góður hópur mætti til að fylgjast með. Var honum einnig streymt á netinu og er enn [hægt að sjá hann hér](#).



# MARKAÐSSTOFAN STÓÐ FYRIR LOKAHÓFI FERÐAÞJÓNA

Blásið var til lokahófs ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum fimmtudaginn 14.nóvember. Fyrirhugað var að halda hófið í raunheimum en þar sem veðrið lék Vestfirðinga grátt þurfti að færa það yfir í netheima. Tveir fyrirlesarar úr ferðaþjónustunni voru fengnir til þess að flytja erindi, Hjalti Már Einarsson forstjóri Datera og Renée Blankenstein leiðsögumaður og sérfræðingur hjá Láki Tours. Sölvi Rúnar hjá Markaðsstofunni hóf samkomuna á erindi um Markaðsstofu Vestfjarða og þau fjölmörgu verkefni sem hafa verið unnin á árinu sem senn fer að ljúka.



Hjalti Már, flutti fyrirlestur um markaðssetningu og sölu á Vestfjörðum. Datera er stafrænt birtinga- og ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í gagnadrifnum og sjálfvirkum auglýsingaherferðum. Hann fræddi hópinn meðal annars um “hegðun” ferðalanga og ferlið sem þeir ganga í gegnum þegar þeir bóka ferð, frá upphafi til enda og hvar ferðasalar standa í þessu ferli. Einnig fór hann yfir hvernig við á Vestfjörðum getum styrkt samkeppnisstöðu okkar í ferðaþjónustunni á Íslandi og mikilvæg skref sem hægt er að taka strax, með því að skerpa á ákveðnum atriðum eins og vefsíðum fyrirtækja.

Síðast en ekki síst hélt Renée Blankenstein fyrirlesturinn: Whale watching in Iceland: Guidelines for Sustainability. Erindið fjallaði um sjálfbærni í hvalaskoðun, gæðamál og bestu starfshætti (e. best practices) í hvalaskoðunarferðum. Fyrirtækjum í hvalaskoðunum á Vestfjörðum hefur farið fjölgandi og var þetta því virkilega fræðandi og þarft erindi.


Á næstu misserum fer af stað undirbúningsvinna í tengslum við vetrarferðaþjónustu á Vestfjörðum. Markaðsstofan mun vinna þá vinnu með ferðaþjónum og öðrum hagaðilum á svæðinu, en líkt og áður hefur komið fram hjá okkur fékk Markaðsstofan aukið fjármagn í þetta verkefni frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu.



# REYKHÓLAHREPPUR TEKUR ÞÁTT Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Byggðastofnun, Vestfjarðastofa og Reykhólahreppur hafa undirritað samning um þátttöku Reykhólahrepps í byggðaðróunarverkefninu Brothættar byggðir. Byggðarlagið er það fimmtánda í röðinni sem hefur þátttöku í verkefninu frá því að það hóf göngu sína á Rauфарhöfn árið 2012. Sú nýjung er að samningur um verkefnið er gerður til fimm ára í stað fjögurra líkt og áður hefur verið gert í þátttökubýggðarlögum Brothættra byggða. Því er gert ráð fyrir að verkefnið vari til ársloka 2029. Með lengingu framkvæmdatímabils standa vonir til að hægt verði að ná auknum árangri og skjóta styrkari stöðum undir atvinnulíf, mannlíf og búsetu í Reykhólahreppi.

Vestfjarðastofa hefur auglýst eftir verkefnastjóra sem mun hafa umsjón með verkefninu og vonast er til að hann geti hafið störf sem fyrst. Næstu skref eru meðal annars: myndun verkefnisstjórnar, stöðugreining, könnun meðal íbúa og undirbúningur íbúaðþings sem verður haldið fljótlega á nýju ári. Þar gefst íbúum tækifæri til að ræða hagsmunamál byggðarlagsins og móta áherslur í verkefninu.




## STÖÐUGREINING LANDSHLUTANNA KOMIN ÚT

Byggðastofnun hefur gefið út Stöðugreiningu landshlutanna 2024. Stöðugreiningin er ítarleg skýrsla sem skipt er í þrettán flokka, allt frá mannfjöldaðróun til efnahagsþróunar og lýðheilsu. Hver þessara þrettán flokka skiptis í marga undirflokka þar sem farið er yfir vítt svið af opinberum gögnum til að gefa sem besta mynd af því hvernig landshlutarnir standa hver um sig í hinum ýmsu málaflokkum.

Í skýrslunni eru hlekkir á þau mælaborð opinberra stofnanna sem til eru, þar er hægt að glöggva sig nánar á upplýsingum sem fram koma í stöðugreiningunni og skoða jafnvel á sveitarfélagagrunni en ekki eingöngu landshlutagrunni.

[Skýrsluna má nálgast hér](#)



# MARKAÐSSTOFA VESTFJARÐA Á WORLD TRAVEL MARKET Í LONDON



Markaðsstofa Vestfjarða ásamt fulltrúum Íslandsstofu og annarra markaðsstofa á landinu tóku þátt í hinni árlegu ferðasýningu World Travel Market (WTM) í London dagana 5.–7. nóvember. Sýningin sem var haldin í Excel sýningarhöllinni í London, er ein stærsta ferðasýning heims. Laðaði hún að sér um 46.000 gesti alls staðar að úr heiminum, þar á meðal 5.049 kaupendur og yfir 4.000 sýnendur.

Á íslenska básnum voru fulltrúar markaðsstofa í lykilhlutverki við að kynna Ísland og Vestfirði fyrir alþjóðlegum kaupendum. Aðaláherslan var lögð á að veita nákvæmar upplýsingar um Ísland og tengja alþjóðlega kaupendur við íslensk ferðaþjónustufyrirtæki. Flestar fyrirspurnir um Vestfirðir komu frá kaupendum sem þekkjá Ísland vel og leita nú nýrra tækifæra, sem endurspeglar aukinn áhuga á fjölbreytileika landsins.

## Áhersla á einstaka upplifun á Vestfjörðum

Sérstakur áhugi kom fram á hjólaferðum og möguleikum á Vestfjörðum, en einnig var rætt um Djúpavík í tengslum við útgáfu ferðahandbókar. Viðburðir á Hornströndum komu einnig til umræðu, þar á meðal áhugaverð tenging við Oliver Smith, blaðamann frá Financial Times. Oliver hefur áður skrifað um heimsókn sína til Hornstranda, þar sem hann rakti sögu afa síns sem starfaði á radarstöðinni Darra í seinni heimsstyrjöldinni. Hann hefur nú deilt rannsóknnum sínum og viðtölum með Markaðsstofunni og Byggðasafni Vestfjarða.



## Norðurljósinn og stjörnuhimininn heilla

Einn af stærstu viðburðum íslenska bássins var fyrirlestur Sævars Braga Helgasonar um norðurljós og sólmyrkva. Fyrirlesturinn vakti mikla athygli meðal gesta sem heilluðust af undrum himinhvölsins. Sérstaklega var rætt um sólmyrkvann sem verður þann 12. ágúst 2026 og sést á vestasta hluta Íslands, þar sem sólmyrkvinn sést lengst á Látrabjargi eða í 2 mínútur og 13 sekúndur.

## Tengsl og tækifæri

Þátttaka í stórum sýningum eins og WTM skiptir sköpum til að styrkja stöðu Vestfjarða sem áfangastaðar. Hún veitir einstakt tækifæri til að mynda tengsl við bæði íslensk og alþjóðleg ferðapjónustufyrirtæki. Að mati Markaðsstofunnar er nauðsynlegt að íslensk fyrirtæki þekki þau tækifæri og vöruframboð sem Vestfirðir bjóða upp á til að bæta aðgengi og fjölga ferðamönnum í landshlutanum.

Með þátttöku á WTM tekst Markaðsstofu Vestfjarða að vekja athygli á einstökum náttúruperlum Vestfjarða og nýjum ferðamöguleikum sem laða ferðamenn til svæðisins allt árið um kring.



# FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR - FRÆÐSLUHÁDEGI LANDSHLUTASAMTAKANNA

Landshlutasamtökin: Austurbrú, SASS, SSNE, SSSNV, SSS, SSV og Vestfjarðarstofa munu sameiginlega standa að mánaðarlegum fræðsluerindum á nýju ári. Fræðslan mun fara fram fyrsta þriðjudag í mánuði og verður lögð áhersla á að hún verði fjölbreytt. Fræðsluhádegin eru öllum opin, en þau gætu þó sérstaklega gagnast frumkvöðlum og þeim sem eru áhugasöm um nýsköpunarsenuna. Þátttaka er að kostnaðarlausu en nauðsynlegt er að skrá sig til að fá fundarboð, skráningarhlekki verður að finna á Facebook-viðburði erindanna og hjá landshlutasamtökunum þegar nær dregur.

Erindin verða haldin á Teams og hefjast þau kl.12. Ráðgert að hvert erindi verði ekki lengra en 45 mínútur. Í kjölfar hvers erindis gefst kostur á að leggja fram spurningar.

Takið frá tíma:

- 7. janúar – Frumkvöðlaferlið
  - 4. febrúar – Umsóknarskrif
  - 4. mars – Gervigreind og styrkumsóknir
  - 1. apríl – Skapandi hugsun
  - 6. maí – Viðskiptaáætlun á mannamáli
  - 3. júní – Stofnun og rekstur smáfyrirtækja//ólík rekstarform
- Við hlökkum til að skjá ykkur og höldum svo áfram í september með fleiri spennandi fyrirlestra.

Hvað eru landshlutasamtökin?

Öll sveitarfélög á Íslandi eru aðilar að landshlutasamtökunum, en Landshlutasamtök sveitarfélaga eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á tilgreindum starfssvæðum. Meginhlutverk allra landshlutasamtaka er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum.

**FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR**  
HÆGISFRÆÐSLA LANDSHLUTASAMTAKANNA

2025

Fyrsta þriðjudag í mánuði

Klukkan | 12:00  
Á TEAMS

SSNU  
SAMBAÐ SVEITARFÉLAGA Á SVÖRNESJUM

SSV

SSNE  
Samtök sveitarfélaga í atvinnuþróun á Norðurlandi eystra

Vestfjarðastofa

AUSTURBRÚ  
þekking - þjóna - þjálfun

SASS  
SAMTÖK  
SUNNLEUSKRA  
SVEITARFÉLAGA



# FUNDUR UM EFNAHAGSÆVINTÝRIÐ Á VESTFJÖRÐUM

Samfélagsspor á Vestfjörðum var á síðustu fimm árum 25,5 milljarðar og hefur meira en fimmfaldast á tímabilinu. Þetta kom fram á fundi Innviðafélags Vestfjarða sem haldinn var í Skjaldborgarbíói á Patreksfirði þann 26. nóvember, með samfélagsspori er átt við þá upphæð sem Vestfirðir leggja fram umfram það sem rennur til baka. Íbúar Vesturbyggðar fjölmenntu á fundinn sem bar yfirskriftina Efnahagsævintýrið á Vestfjörðum. Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu stýrði fundinum en opið var fyrir fyrirspurnir úr sal.

Fundurinn hófst á erindi Soffíu Eydísar Björgvinsdóttur meðeiganda hjá KPMG þar sem hún kynnti niðurstöður á greiningu á skatta- og samfélagsspori Vestfjarða. Í erindi hennar kom fram að árið 2019 skilaði hver íbúi á Vestfjörðum 1,49 milljónum króna til ríkisins en árið 2023 var sú tala komin í 2.06 milljónir króna. Til að setja þetta í samhengi þá koma 3,1% af útflutningstekjum Íslands frá Vestfjörðum en Vestfirðingar eru 1,9% af íbúum landsins.

Því næst tók Hjörtur Methúsalemsson hjá Arnarlaxi til máls og kynnti framtíðarsýn fiskeldis á Vestfjörðum fram til ársins 2035. Hjörtur lagði áherslu á að lagarammi greinarinnar yrði vera skýr, en mesta hindrunin væri stefnuleysi stjórnvalda varðandi fiskeldi. Hann fór svo yfir hvaða innviðir væru nauðsynlegir til að bjartasta framtíðarsýnin gæti raungerst og sagðist hann treysta á samheldni Vestfirðinga til að byggja upp öflugt samfélag, innviði og atvinnulíf.

Lagði hann áherslu á að byggja upp innviði svo Vestfirðir gætu orðið eitt atvinnusvæði. Nú starfa um 900 manns við fiskeldi á Vestfjörðum og ef spár ganga eftir verða þeir orðnir 2.500 manns árið 2032 og munu skattar og gjöld fara úr 3. upp í 20 milljarða á sama tíma.

Vestfirðingar hafa undanfarin ár bent á þá innviðaskuld sem hefur safnast upp í fleiri áratugi og kallað eftir að staðan verði jöfnuð. Á fyrirlestrunum í Skjaldborgarbíói mátti ljóst vera að það er sannarlega tímabært að jafna innviði Vestfjarða við aðra landshluta eins og Innviðafélag Vestfjarða hefur vakið athygli á.



# PÚKINN UNDIRBÚINN



Barnamenningarhátíðin Púkinn verður haldin dagana 31. mars – 11. apríl 2025. Stýrihópur hátíðarinnar kom saman á fundi til að ræða verkefni sem í vændum eru. Skúli Gautason menningarfulltrúi er verkefnisstjóri Púkans og með honum í verkefninu er Anna Sigríður Ólafsdóttir. Í stýrihópnum sitja Arna Dalrós Guðjónsdóttir, Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Valgerður María Þorsteinsdóttir, Kristín Mjöll Jakobsdóttir, Anna Björg Þórarinsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir.

Farið var yfir fyrirkomulag hátíðarinnar sem nú verður haldin í þriðja sinn. Ungmennaráð Vestfjarða lagði til að þemað yrði vestfirskar þjóðsögur og var því vel tekið. Ekki verður horft til þess að vinna öll verkefni hátíðarinnar á meðan á henni stendur heldur einnig að verkefni geti verið unnin í aðdragandanum og afraksturinn sýndur á tímabili hennar. Til að mynda er samstarfsverkefni í kvikmyndagerð við RIFF og verður námskeið á Reykhólum fyrstu vikuna í desember. Samstarf var við RIFF á fyrstu hátíðinni og komu þau þá með námskeið á Ísafjörð sem tókst mjög vel.

Barnamenningarsjóður styrkti hátíðina um 6 m.kr. og verður hluti fjármunanna nýttur í verkefnisstyrki sem verða auglýstir innan skamms. Farið var yfir hvernig laða mætti krakka til þátttöku og hvaða verkefni væru líkleg til að höfða til þeirra. Verður bæði leitast við að svara því sem kallað er eftir og að kynna fyrir börnunum spennandi verkefni á sviði lista og menningar.





# VERKEFNASTJÓRI BROTHÆTTRA BYGGÐA Á REYKHÓLUM

VESTFJARÐASTOFA, MEÐ STUÐNINGI BYGGÐASTOFNUNAR,  
AUGLÝSIR EFTIR VERKEFNISSTJÓRA Í REYKHÓLAHREPPI.

VERKEFNISSTJÓRI GEGNIR HLUTVERKI LEIÐTOGA VERKEFNISINS  
BROTHÆTTRA BYGGÐA Í REYKHÓLAHREPPI ÁSAMT  
VERKEFNISSTJÓRN OG STARFAR HANN Í UMBOÐI HENNA AÐ  
AÐGERÐUM TIL EFLINGAR BYGGÐAR OG MANNLÍFS Í  
REYKHÓLAHREPPI.

VERKEFNIÐ ER TIL FIMM ÁRA OG ER HLUTI AF VERKEFNUM  
BROTHÆTTRA BYGGÐA OG ER SAMSTARFSVERKEFNI  
BYGGÐASTOFNUNAR, VESTFJARÐASTOFU OG REYKHÓLAHREPPS.

UM ER AÐ RÆÐA 100% STARF MEÐ STARFSSTÖÐ Á REYKHÓLUM.  
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 11. DESEMBER.

Meira hér!



Vestfjarðastofa